

að þeir Thor Jensen framkvæmdarstjóri og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. verði dæmdir til að greiða allan kostnað málsins að skaðlausu eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg ómakslaun til sín. Hinir stefndu krefjast þess, að málinu verði vísað frá yfirdóm-inum, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og áfrýjandi, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Fyrir frávísunarkröfunni er færð sú ástæða, að áfrýjunarfresturinn, sem ákveðinn er í 11. gr. laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, hafi verið liðinn, þegar áfrýjunarstefnan var tekin út. En þessi ákvörðun um sérstakan áfrýjunarfrest, þegar lögtaki er áfrýjað eftir framkomin mótmæli, á eftir orðum greinarinnar ekki við, þegar svo stendur á sem hér, að lögtaksneitun er áfrýjað af lögtaksbeiðanda, og þar sem hinn reglulegi áfrýjunarfrestur var eigi liðinn þegar áfrýjunarstefnan var tekin út, verður málinu eigi frávísað fyrir þessar sakir.

Varakröfuna telja stefndu beri að taka til greina þegar af þeirri ástæðu, að útsvarið sé lagt á þá samkvæmt lögum nr. 46 13. nóvbr. 1903, er numin voru úr gildi með sveitastjórnarlögunum 10. nóv. 1905. En með því að ákvæði fyr nefndra laga, þau er útsvarsálagan var byggð á, eru óbreytt tekin upp í sveitarstjórnarlögin, verða stefndu eigi sýknaðir af þessari ástæðu.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að fyrgreint skip, »Snorri Sturluson«, eign stefndu, hafi stundað síldveiði með nótt frá Akureyri 6 vikna tíma sumarið 1909, og að þessi veiði heimili útsvarsálögu á stefndu sam-

kvæmt fyrir greindum lögum. En hinir stefndu mótmæla því, að skipið hafi stundað síldveiðar frá Akureyri 1909, en skýra frá, að skipið hafi það sumar verið að síldveiði 6 vikna tíma fyrir norðurlandi og veiðinni verið hagað þannig, að síldin hafi verið tekin í hringnót fyrir mynni Eyjafjarðar, svo hafi hún verið flutt til Akureyrar og afhent kaupmönnum þar, sem fyrirfram hefðu keypt allan afla skipsins, en ekkert af síldinni hafi verið verkað þar fyrir reikning stefndu. Að öðru leyti hafa þeir eigi átt nein viðskifti á Akureyri eða rekið þar neina atvinnu.

Þessa skýrslu hinna stefndu hefir áfrýjandi eigi hrakið, en eftir henni verður ekki litið svo á, að nefnt skip hafi sumarið 1909 stundað síldveiðar frá Akureyri, því að svo verður það ekki skoðað, að skipið flutti þangað og afhenti samkvæmt áðurgjörðum samningi síld, er það aflaði fyrir utan mynni Eyjafjarðar, og þetta eitt út af fyrir sig verður eigi heldur talið atvinna eða fyrirtæki, er útsvar verði lagt á. Það var þannig eigi heimild til að jafna áminstu aukaútsvari á stefndu og þá eigi heldur til að taka það lögtaki eftir kröfu áfrýjanda. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og eftir þeim úrslitum verður áfrýjandi að endurgjalda stefndu málskostnað, sem ákveðst 20 kr. Það vottast, að flutningur málsins af hendi hins skipaða talsmanns áfrýjanda hefir verið vítalaus og bera honum 20 kr. í málflytningu, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, greiði stefndu,

Thor Jensen og Eggert Claessen fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co. 20 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni áfrýjanda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, bera 20 kr. í málflytningu, er greiddist af almannafé.

Ídæmdur kostnaður greiddist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 21/1911:

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn

H. Debell f. h. hins danska
steinolíufélags.

D ó m u r.

Áfrýjandi máls þessa, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, lagði aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1910—11, á »hið danska steinolíufélag í Reykjavík, stofnun þess og starfsemi í Viðey« í Seltjarnarneshreppi. Félagið neitaði að greiða þetta útsvar, og áfrýjandi krafðist þá, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki útsvarið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 3. apríl þ. á. neitaði fógetinn að framkvæma lögtakið. Þeim úrskurði hefir áfrýjandi nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. maí þ. á. á hendur framkvæmdarstjóra steinolíufélagsins H. Debell fyrir hönd félagsins, og krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur í